Lífeyrissjóðir og uppbygging atvinnulífsins

Sjóðsfélagafundur Gildis 26. okt. 2009

Stöðugleikasáttmálinn

- Ríkisstjórnin gangi til samstarfs við lífeyrissjóði um að þeir fjármagni stórar framkvæmdir sbr. minnisblað vegna verklegra framkvæmda dags. 16.02.2009. með sérstakri fjármögnun.
- Stefnt skal að því að viðræðum ríkisstjórnar og lífeyrissjóða verði lokið fyrir 1. sept. 2009
- Aðkoma lífeyrissjóðanna útilokar ekki aðra fjárfesta eða lánveitendur, innlenda sem erlenda fjárfesta.

Eiga lífeyrissjóðir að koma að fjármögnun verklegra framkvæmda ?

- Styrkur og vöxtur lífeyrissjóðanna byggist á öflugu atvinnulífi
- Það eru beinir hagsmunir lífeyrissjóðanna að stöðva samdráttinn í íslensku atvinnulífi og skapa forsendur fyrir hagvexti
- Lífeyrissjóðirnir geta ekki verið óvirkir við núverandi aðstæður

Hvaða kröfur eiga lífeyrissjóðirnir að gera?

- Að allar ákvarðanir um verklegar framkvæmdir séu gegnsæjar og áhætta sé vel skilgreind og upplýst
- Æskilegt að ríkið láti sjónarmið um arðsemi og efnahagslegan ávinninga ráða við forgangsröðun verkefna
- Að ríkið taki ákvörðum um í hvaða verkefni verði ráðist
- Gera kröfur um góða arðsemi og tryggar endurgreiðslur

Í hvaða formi getur aðkoma lífeyrissjóðanna verið?

- Lífeyrissjóðir fjármagni verklegar framkvæmdir á næstu árum fyrir allt að 100 milljarða
- Formið á aðkomu lífeyrissjóðanna getur verið með mismunandi hætti.
  - Skuldabréfakaup
  - Fjármögnun í gegnum fasteignafélög
- Fjárfestingasjóður
- Krafan um sjálfbærni varðandi endurgreiðslur afmarkar verkefnaval

Hvaða verkefni er um að ræða?

- Ríkið hefur sett fram tillögur um fjögur verkefni
  - Nýjan Landspítala
  - Byggingu samgöngumiðstöðvar og stækkun flugstöðvar á Akureyri
  - Vegaframkvæmdir
  - Búðarhálsvirkjun

Nýr Landspítali

- Þrír áfangar
  - Áfangi 1. 65.000 fermetra nýbygging sem áætlað er að kosti 33 milljarða og verði byggt á árunum 2010 til 2016-17
  - 2010 og fram á seinni hluta ársins 2011er gert ráð fyrir að ljúka hönnun
  - Seinast á árinu 2011 gæti jarðvinna hafist en meginþungi framkvæmda yrði á árunum 2012-13-14-15
  - Áfangi 2. Tækjakaup sem gert er ráð fyrir að kosti um 7 milljarða og kæmi til framkvæmda seinni hluta framkvæmdatímabilsins
  - Áfangi 3. Endurbygging eldra húsnæðis sem áætlað er að kosti um 11 milljarða. Kæmi til framkvæmda þegar lokið væri við nýbygginguna.

Hvernig yrði aðkoma lífeyrissjóðanna ?

- Ef samkomulag næst milli lífeyrissjóðanna og ríkisins er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir fjármagni verkefnið á framkvæmdatímanum
- Verður síðan breytt í langtímafjármögnun
- Endurgreitt í formi húsleigu á löngum tíma
- Hugsanlegt að ríkið eignist húsnæðið þegar fram líða stundir
- Er verið að skoða að stofna fasteignafélag til að halda utan um verkefnið
- Viljayfirlýsing

Samgöngumiðstöð og stækkun flugstöðvar á Akureyri

- Samgöngumiðstöð í Reykjavík 3500 til 4500 fermetra bygging
- Gert ráð fyrir kostnaði upp á 1,3 til 1,5 milljarða
- Fjármögnun í formi skuldabréfa
- Endurgreiðsla verði fjármögnuð með brottfarargjaldi
- Endanleg staðsetning liggur ekki fyrir
- 2000 fermetra viðbygging á Akureyri

Samgöngumannvirki

- Tvöföldun Suðurlandsvegar
  - Hægt að hefjast handa mjög fljótlega en mikil vinna eftir varðandi skipulagsvinnu á ákveðnum svæðum
- Tvöföldun Vesturlandsvegar
  - Allt að tvö ár í að hægt verði að byrja vegna skipulagsvinnu og samkomulags við landeigendur
- Jarðgöng í gegnum Vaðlaheiði
  - Skipulags- og rannsóknarvinnu lokið
- Gert ráð fyrir að fjármagna framkvæmdirnar með vegatollum

Búðarhálsvirkjun

- Virkjunin nær fullhönnuð og öll leyfi til staðar
- Framkvæmd upp á 23 til 26 milljarða
- Lánsþörf kringum 15 milljarðar sem dreifðist á árin 2010-11-12 en aðallega 2011-12
- Aðkoma lífeyrissjóðanna í formi kaupa á skuldabréfum
- Orkukaupandi ekki fastur í hendi

Fjárfestingasjóður Íslands

- Aðilar vinnumarkaðarins óskuðu eftir því við lífeyrissjóðina að sá möguleiki yrði skoðaður að stofna fjárfestingasjóð sem hefði þann tilgang að fjárfesta í fyrirtækjum sem eiga sér vænlegan rekstrargrundvöll
- Unnið að stofnun fjárfestingasjóðs sem gert er ráð fyrir að hafi 50 til 75 milljarða til ráðstöfunar sem yrði greitt inn í sjóðinn eftir því sem verkefni finnast.
- Gert ráð fyrir að sjóðurinn starfi í 7 til 10 ár

Hlutverk og tilgangur sjóðsins

- Taka þátt í og móta fjárhagslega endurreisn íslenskt atvinnulífs í kjölfar falls fjármálakerfisins
- Fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum
- Tryggja vænlega arðsemi á fjárframlög hluthafa
- Leggja áherslu á að gegna hlutverki sínu sem fjárfestir með ábyrgum hætti og leggja til grundvallar samfélagsleg gildi auk þess sem rík áhersla verður lögð á góða stjórnarhætti með það að markmiði að tryggja að hagsmunum sjóðsins sé sem best borgið sem fjárfesti

Stjórnarhættir og áherslur

- Sjóðurinn verði áhrifafjárfestir sem hefur ásamt góðri arðsemi af hlutabréfaeign sinni það markmið að stuðla að vexti og viðgangi þeirra fyrirtækja sem hann fjárfestir í
- Horft verði til reglna Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar sem taka til umhverfis- og félagslegra þátta í starfsemi fyrirtækja auk góðra stjórnarhátta
- Þá mun sjóðurinn setja sér almenn viðmið varðandi umhverfismál sem og félagslega ábyrgð og mannréttindi

Hvert verður framhaldið?

- Það er verið að ljúka því að safna loforðum frá lífeyrissjóðunum um þátttöku
- Gert ráð fyrir að sjóðurinn hefji störf fyrrihluta næsta árs
- Markmiðið að halda umfangi og yfirbyggingu sjóðsins í algjöru lágmarki

Leiðarljós

- Að gera lífeyrissjóðina sterkari og skapa þeim betri forsendur til að greiða góðan lífeyri
- Nálgast verkefnin á viðskiptalegum forsendum og hafna öllum sérhagsmunum
- Leggja áherslu á góða stjórnunarhætti, tryggja gegnsæi
- Horfa til samfélagslegrar ábyrgðar við val á verkefnum
- Hafa agaða fjárfestingastefnu sem tryggir góða ávöxtun og áhætta sé ásættanleg